



Nýsköpun og viðskiptaþróun

MS nám

hi.is/nyskopun_og_vidskiptathroun

Um námið

Viðskiptafræðideild og Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild bjóða sameiginlega upp á námsleið á sviði nýsköpunar og viðskiptaþróunar. Námið miðar að því að undirbúa nemendur fyrir nýsköpun í fjölbreyttu samhengi, hvort sem það er með stofnun eigin fyrirtækja, störfum innan sprota- eða vaxtarfyrirtækja, eða við viðskiptaþróun stærri fyrirtækja.

Skipulag námsins

Undirstaða námsins er námskeið um framkvæmd nýsköpunar sem nær yfir tvö misseri. Þar vinna nemendur saman að umfangsmiklu verkefni, sem felur í sér afurðaðróun byggða á sérþekkingu þar sem viðskiptalegar forsendur eru í forgrunni. Verkefnið getur verið sprottið úr sjálfstæðu viðskiptatækifæri eða komið úr ranni samstarfsfyrirtækja.


Nám til MS prófs er 120 einingar hið minnsta, þar af 90 e. í námskeiðum, auk MS-ritgerðar sem er að lágmarki 30 e. Miðað við fullan námshraða er námið fjögur misseri.

Að námi loknu

Námið er í miklum tengslum við íslenskt atvinnulíf. Nemendur vinna umfangsmikil nýsköpunarverkefni í samstarfi við starfandi fyrirtæki sem gerir það að verkum að nemendur standa uppi með raunverulega og praktíska þekkingu á nýsköpunarumhverfinu á Íslandi.

Dæmi um starfsvettvang

Námið nýtist bæði í starfandi fyrirtækjum og við stofnun nýrra fyrirtækja. Í starfandi fyrirtækjum er námið t.d. mjög góður undirbúningur undir starf vörustjóra. Vörustjóri í fyrirtæki hefur yfirleitt umsjón með ákveðinni vöru eða vöruflokki, kemur að þróun nýrra vara/vörulausna og endurnýjun vara. Námið nýtist einnig tengt viðskiptaþróun, s.s. stefnumótandi ákvörðunatöku fyrirtækja, vöktun á nýjum markaðstækifærum o.s.frv.



Inntökuskilyrði

Forkröfur eru BA/BS-gráða, almennt þurfa nemendur að hafa lokið prófi með fyrstu einkunn (7,25). Nemendur eru valdir inn í námið með hliðsjón af fyrra námi og starfsreynslu, umsækjendur gætu þurft að fara í undirbúningsnám, áður en þeir fá inngöngu í MS-námið.

Inngangur að rekstri

Nemendur sem ekki hafa BS/BA í viðskiptafræði eða hagfræði í grunnnámi sínu, þurfa við upphaf námsins að ljúka undirbúningsnámskeiðinu VIÐ155M Inngangur að rekstri, samhliða öðrum námskeiðum á fyrstu vikum fyrsta haustmisseris. Námskeiðið samanstendur af sjö efnispáttum: aðferðafræði, rekstrarhagfræði, fjármál, reikningshald, lögfræði, upplýsingatækni, þjóðhagfræði. Námskeiðið er sérstaklega sniðið að þörfum meistaranemenda sem hafa tekið fá eða engin námskeið í rekstrarhagfræði og fjármálum í grunnnámi og er skyldunámskeið fyrir þessa nemendur. Í námskeiðinu eru fyrirlestrar haldnir á laugardegi og sunnudaginn á eftir er þreytt rafrænt próf úr efnispáttum fyrirlesturs og námsefnis. Þetta námskeið er ekki metið til eininga í MS náminu.

Meiri upplýsingar má nálgast á vefsíðu námsbrautarinnar, hi.is/nyskopun_og_vidskiptathroun

Lotunám

Meistaránám við Viðskiptafræðideild er kennt í lotum. Þannig er hvoru misseri skipt upp í tvær lotur og nemendur taka að jafnaði tvö námskeið í hvorri lotu (eða skila sambærilegri vinnu við lokaritgerð). Hver lota samanstendur af sjö kennsluvikum og einni viku fyrir námsmat og próf.

Hvað segja nemendur?

„Ég lærði mjög mikið af því að vinna með nemendum úr öðrum deildum. Ég lærði að tjá mig á skýrari máta við fólk sem hugsar allt öðruvísi en ég, s.s. listdansara og viðskiptafræðinga, en sjálfur er ég forritunarmenntaður.“

-Elvar Helgason, hugbúnaðarsérfræðingur hjá Rannís

„Það sem stendur upp úr, er mjög áhugavert og kom á óvart, það er fólkið í náminu. Þetta var allt fólk sem hafði áhuga á einhverju nýju, að skapa eitthvað nýtt. Þetta var fólk sem kom inn með ólíkan bakgrunn, úr ólíku námi, ólíkum störfum og á ólíkum aldri. Námið hefur nýst mér mjög vel, bæði við það að stofna fyrirtæki og í rekstri þess. Í náminu var t.d. farið vel í hvað það skiptir miklu máli að einbeita sér að einum hlut í einu og svo er hægt að byggja ofaná hann.“

-Rakel Eva Sævarsdóttir, stofnandi November Project Iceland

Viðskiptafræðideild

Gimli
við Sæmundargötu
101 Reykjavík
Sími 525 4500
nemFVS@hi.is
hi.is/vidskiptafraedideild



HÁSKÓLI ÍSLANDS
VIÐSKIPTAFRÆÐIDEILD